

**Nd.**

**809. Nefndarátt**

um frv. til laga um stofnun húsmæðraskóla á Norðurlandi (þgskj. 601).

Frá tímentamálanefnd.

Fjöldi mikill norðlenskra kvenna hefir sent Alþingi áskoranir um að stofna skóla norðanlands, þar sem húsmæður og húsmæðraefni gæti lært það, sem nauðsyn er að kunna, til þess að veita heimili forstöðu og annast búsyslu innan stökks.

Nefndinni þótti nauðsyn til bera að gera breytingar á 1. gr. frv. frá því, er hv. efri deild hefir viljað vera láta. Þótti henni of óákveðið að setja skólann einhversstaðar við Eyjafjörð. Taldi hún með því best sjeð fyrir hag allra þeirra, er skólans eiga að njóta, að hann stæði í grend við Akureyri. Þótti henni þrent unnið með því. Það hið fyrsta, að skólahald mundi að því skapi ódýrara sem auðveldari væri aðflutningar og skemra á markað með afurdir skólabúsins, en það annað, að gera Akureyrarkaupstað sem ljettast að nota skólann, án þess það bakaði hinum öðrum hjeruðum бага eða kostnað, og hið þriðja, að fært væri að ná til tímakennara af Akureyri. Það mundi reynast ærið kostnaðarsamt að hafa fasta kennara, sem gæti kent allar námsgreinar, t. d. efnafræði, heilsufræði og uppeldisfræði, en jafnan kostur slikra manna á Akureyri.

Nefndin taldi rjettara að setja í lögin, að búskapur skyldi rekinn í sambandi við skólann, til þess að nemendur gæti lært til fullnustu að fara með nytjar af kvikfjenaði, gæti sjeð garðrækt og lært til hlitar að hagnýta garðávexti og annan jarðarávöxt, svo sem allskonar berjategundir, er hjer vaxa.

Hjer á landi hafa ber verið lítið notuð, en í öðrum löndum eru þau hagnýtt kappsamlega, svo og aðrar ætjurtir, er vaxa sjálfkrafa í sjó og á landi. Um sumt af þessu mætti gróðrarstöðin á Akureyri verða skólanum til mikill- ar hjálpar, enda mætti framvegis haga henni að nokkru eftir þörfum skólans.

Um fjölgun heimavista þarf eigi að fjölyrða, þar sem svo margar sýslur eiga sókn til skólans, enda er sennilegast, að eigi líði langur tími þar til er þeim verður fjölgað meir.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem eru á þgskj. 797.

Alþingi, 5. sept. 1917.

Bjarni Jónsson frá Vogu,  
form. og framsögum.

Sveinn Ólafsson.

Jörundur Brynjólfsson.

Magnús Pjetursson.

Stefán Stefánsson,  
(með fyrirvara.)